

REGLUGERÐ

um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

1. gr.

Markmið.

Með vísan til 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, hefur heilbrigðisráðherra ákveðið, að fenginni tillögu sóttvarnalæknis og í samráði við ríkisstjórnina, að setja á tímabundna takmörkun á samkomum eftir því sem nánar greinir í reglugerð þessari.

Markmið takmörkunarinnar er að hægja eins og unnt er á útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins.

2. gr.

Gildissvið.

Takmörkun á samkomum tekur gildi 15. september 2021 og gildir til og með 6. október 2021.

Stjórnvöld endurmeta þörf á takmörkuninni eftir því sem efni standa til, þ.e. hvort unnt sé að aflétta henni fyrir eða hvort þörf sé á að framlengja gildistíma hennar.

Takmörkun á samkomum tekur til landsins alls.

Reglugerðin tekur hvorki til alþjóðaflugvalla og -hafna né til loftfara, skipa í millilandaferðum og skipa sem stunda fiskveiðar.

Reglugerðin tekur ekki til heilbrigðisstofnana, hjúkunarheimila og annarra sambærilegra stofnana, en þær skulu setja sér reglur um sóttvarnir, sbr. 6. gr.

Ákvæði 3., 4. og 5. gr. reglugerðar þessarar um fjöldatakmörkun, nálægðartakmörkun og grímuskyldu taka ekki til barna sem fæddu eru 2006 og síðar.

Reglugerð þessi tekur til skólastarfs eftir því sem við á.

3. gr.

Fjöldatakmörkun.

Í takmörkun á samkomum felst að fjöldasamkomur eru óheimilar á gildistíma þessarar reglugerðar. Með fjöldasamkomum er átt við það þegar fleiri en 500 einstaklingar koma saman, hvort sem er í opinberum rýmum eða einkarýmum, innan- og utandyra. Er þá meðal annars vísað til:

- a. Ráðstefna, málþinga, útifunda o.þ.h.
- b. Kennslu, fyrirlestra og prófahalds.
- c. Skemmtana, svo sem standandi eða sitjandi viðburða og einkasamkvæma.
- d. Athafna trú- og lífsskoðunarfélaga.
- e. Annarra sambærilegra viðburða með fleiri en 500 einstaklingum.

Enn fremur skal tryggt á öllum vinnustöðum og í allri starfsemi að ekki séu á sama tíma fleiri en 500 einstaklingar inni í sama rými. Tryggja skal að ekki sé samgangur milli rýma.

Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að hafa allt að 1.500 manns í rými á viðburðum, enda séu öll eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. Allir gestir fæddir 2005 og fyrir framvísi neikvæðri niðurstöðu úr hraðprófi (antigen) sem má ekki vera eldra en 48 klst.
2. Að viðhöfð sé 1 metra nálægðarregla nema þegar gestir eru sitjandi.
3. Allir gestir séu skráðir með nafni, kennitölu og símanúmeri. Séu gestir í föstum sætum skulu þeir skráðir í sæti. Skrána skal varðveita í tvær vikur og henni eytt að þeim tíma liðnum.
4. Allir gestir noti andlitsgrímu innandyra þar sem ekki er unnt að viðhafa 1 metra nálægðarreglu milli standandi gesta.

Þrátt fyrir 1. mgr. er grunn- og framhaldsskólum heimilt að halda skemmtanir fyrir nemendur fyrir allt að 1.500 gesti að því gefnu að gestir framvísi neikvæðri niðurstöðu úr hraðprófi (antigen) sem má ekki vera eldra en 48 klst. Slíkar skemmtanir eru undanþegnar nálægðartakmörkun og grímuskyldu skv. 4. gr. Skrá skal alla gesti með nafni, kennitölu og símanúmeri. Skrána skal varðveita í tvær vikur og henni eytt að þeim tíma liðnum.

Söfnum er heimilt að taka á móti leyfilegum hámarksfjölda.

4. gr.

Almenn nálægðartakmörkun og grímunotkun.

Á samkomum, öllum vinnustöðum, verslunum, söfnum og í skólum og allri annarri starfsemi, meðal annars þeirri sem talin er upp í 3. gr., hvort sem er innan- eða utandyra, skal tryggja að hægt sé að hafa a.m.k. 1 metra á milli einstaklinga sem ekki eru í nánum tengslum.

Þrátt fyrir 1. mgr. 4. gr. gildir ekki 1 metra nálægðartakmörkun á sitjandi viðburðum skv. 3. mgr. 3. gr., 6. mgr. 5. gr. og 8. mgr. 5. gr. Þá gildir 1 metra nálægðartakmörkun ekki á skólaskemmtunum skv. 4. mgr. 3. gr.

Andlitsgrímur skal nota þar sem ekki er unnt að tryggja nálægðartakmörkun skv. 1. mgr. innan-dyra, svo sem í heilbrigðisþjónustu, innanlandsflugi og -ferjum, almenningsamgöngum, leigu-bifreiðum og hópbifreiðum, í verklegu ökunámi og flugnámi, starfsemi hárgreiðslustofa, snyrtistofa, nuddstofa, húðflúrstofa, hundasnyrtistofa, sólbaðsstofa og annarri sambærilegri starfsemi, sbr. þó 4. tölul. 3. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr.

Andlitsgríma skal hylja nef og munn. Andlitsgrímur sem notaðar eru utan heilbrigðisþjónustu skulu uppfylla kröfur sem fram koma í vinnustofusamþykkt evrópsku staðlasamtakanna (CEN). Sóttvarnalæknir getur sett nánari leiðbeiningar um kröfur til andlitsgríma samkvæmt ákvæði þessu. Í þjónustu sem krefst snertingar skal gætt að handþvotti og sóttþreinsun handa, auk þess skal sóttþreinsa snertifleti milli viðskiptavina.

Undanþegnir grímuskyldu skv. 2. mgr. eru þeir einstaklingar sem hafa ekki skilning eða þroska til að nota andlitsgrímu rétt eða geta það ekki af öðrum ástæðum, svo sem vegna heilsufars.

Kennurum og nemendum fæddum 2005 og fyrr er heimilt í skólum að taka niður grímu eftir að sest er niður inni í skólastofu. Kennurum og öðrum starfsmönnum er ekki skylt að bera grímu í samskiptum við nemendur í grunn- og leikskólum.

5. gr.

Takmarkanir á starfsemi vegna sérstakrar smithættu.

Veitingastaðir þar sem heimilaðar eru áfengisveitingar, svo sem veitingahús, kaffihús, krár og skemmtistaðir, spilasalir og spilakassar skulu ekki hafa opið lengur en til kl. 00.00 alla daga vikunnar. Í því felst að ekki er heimilt að hleypa inn nýjum viðskiptavinum eftir kl. 00.00 og skulu þeir hafa yfirgefið staðinn eigi síðar en kl. 01.00. Gestir mega að hámarki vera 500 í rými og skulu vínveitingar bornar fram til sitjandi gesta. Gestir skulu skráðir með nafni, kennitölu og símanúmeri. Skráin skal varðveitt í tvær vikur og eytt að þeim tíma liðnum.

Þrátt fyrir 1. mgr. er þó heimilt að halda einkasamkvæmi eftir klukkan 00.00 á stöðum sem hafa vínveitingaleyfi enda sé vínveitingaleyfið ekki nýtt og ekki komi nýir gestir í samkvæmið. Skrá skal alla gesti með nafni, kennitölu og símanúmeri. Skráin skal varðveitt í tvær vikur og eytt að þeim tíma liðnum. Í slíkum samkvæmum má heildarfjöldi gesta ekki fara yfir 500 manns.

Ekki er heimilt að veita tímabundið leyfi fyrir skemmtunum, svo sem tónleikum, dansleikjum, brennum eða öðrum viðburðum sem ætla má að dragi að sér hóp fólks eftir kl. 00.00.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. um fjöldatakmörkun er heilsu- og líkamsræktarstöðvum og sund- og baðstöðum heimilt að hafa opið fyrir leyfilegan hámarksfjölda gesta samkvæmt starfsleyfi. Sóttþreinsa skal tæki og áhöld milli notenda. Á þessum stöðum ber að virða 1. mgr. 4. gr. um 1 metra nálægðartakmörkun. Sóttvarnalæknir gefur út nánari leiðbeiningar um heilsu- og líkamsræktarstöðvar og sund- og baðstaði vegna COVID-19. Ákvæði þetta tekur einnig til baðstaða í náttúrunni eftir því sem við á.

Íþróttæfingar og -keppnir barna og fullorðinna, innan- og utandyra, með og án snertingar, eru heimilar með allt að 500 manns í rými skv. 3. gr., sbr. þó 6. mgr. 2. gr. Búningsaðstaða skal þrífín reglulega og snertifletir sóttþreinsaðir milli hópa. Sameiginleg áhöld skulu sóttþreinsuð milli hópa, loftræsting skal vera í lagi og loftað reglulega út yfir daginn. Sama gildir um sitjandi borðleiki, svo sem skák, bridds og bingó.

Hámarksfjöldi áhorfenda á íþróttaviðburðum er 500 í rými, sbr. þó 3. mgr. 3. gr. Þar er grímskylda innandyra. Áhorfendur skulu nota grímu þegar farið er inn og út af viðburði og meðan á viðburði stendur nema þegar neytt er drykkjar- eða neysluvöru, sbr. þó 3. mgr. 3. gr. Skylt er að skrá áhorfendur í númeruð sæti með nafni, kennitölu og símanúmeri. Skal varðveita skrána í tvær vikur og eyða henni að þeim tíma liðnum.

Íþrótt- og ólympíusamband Íslands setur sérsamböndum reglur, svo sem um einstaklingsbundnar sóttvarnir og sóthreinsun búnaðar, um framkvæmd æfinga og keppna í sínum greinum í samvinnu við sóttvarnalækni. Í íþróttum sem ekki tilheyra Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands skal setja leiðbeiningar eða fylgja sömu leiðbeiningum og gilda um sambærilegar íþróttir innan sambandsins.

Sviðslistir, kórastarf, bíósýningar sem og aðrir menningarviðburðir eru heimilir með allt að 500 manns á sviði, þ.e. æfingar og sýningar. Gætt skal að handhreinsun, sóthreinsun sameiginlegs búnaðar a.m.k. tvisvar á dag og tryggja skal að loftræsting sé í lagi. Heimilt er að taka á móti allt að 500 sitjandi gestum í hverju rými, sbr. þó 3. mgr. 3. gr., og skulu þeir nota grímu þegar farið er inn og út af viðburði og meðan á viðburði stendur nema þegar neytt er drykkjar- eða neysluvöru, sbr. þó 3. mgr. 3. gr. Allir gestir skulu skráðir í númeruð sæti með nafni, kennitölu og símanúmeri. Skal varðveita skrána í tvær vikur og eyða henni að þeim tíma liðnum. Sama gildir um athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga eftir því sem við á.

Þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. er tjaldsvæðum og hjólhýsasvæðum heimilt að taka við gestum í samræmi leiðbeiningar sóttvarnalæknis og Ferðamálastofu um sóttvarnaráðstafanir á tjaldsvæðum og hjólhýsasvæðum.

6. gr.

Hjúkrunarheimili og aðrar heilbrigðisstofnanir.

Heilbrigðisstofnanir, hjúkrunarheimili og aðrar sambærilegar stofnanir eru almennt undanþegnar ákvæðum reglugerðarinnar en skulu setja sér reglur um starfsemi sína, svo sem um heimsóknir utanaðkomandi að heimilunum og stofnununum, nálægðartakmarkanir, hámarksfjölda í rými og hlífðarbúnað.

7. gr.

Þrif og sóthreinsun almenningsrýma.

Í öllum verslunum, opinberum byggingum og á öðrum stöðum innandyra þar sem umgangur fólks er nokkur skal þrifa eins oft og unnt er, sérstaklega algenga snertifleti. Auk þess skal minna almenning og starfsmenn á einstaklingsbundnar sóttvarnir, svo sem munnlega, með merkingum eða skiltum. Þá skal tryggja góða loftræstingu þar sem umgangur fólks er nokkur og lofta reglulega út.

Við alla innganga skal tryggja aðgang að sóthreinsandi vökva fyrir hendur og eins víða um rými og talin er þörf á, meðal annars við afgreiðslukassa og innkaupakerrur í verslunum.

8. gr.

Undanþágur.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá takmörkun á samkomum til verndar lífi eða heilsu manna eða dýra eða vegna samfélagslega ómissandi innviða sem mega ekki stöðvast, svo sem á sviði raforku, fjarskipta, samgangna, sorphirðu, heilbrigðisstarfsemi, félagsþjónustu, löggæslu, sjúkraflutninga, hjálparliðs almannavarna eða slökkviliða.

Hið sama á við vegna kerfislega og efnahagslega mikilvægrar starfsemi, svo sem til að tryggja fæðuöryggi, dreifingu nauðsynjavara eða efnahagslegt öryggi ríkisins með útflutningi. Enn fremur getur ráðherra veitt undanþágu vegna starfa Alþingis, dómstóla og stjórnsýslu.

Þá getur ráðherra veitt undanþágu frá takmörkunum þegar sérstaklega stendur á, enda sé gætt fyllstu sóttvarnaráðstafana að öðru leyti. Við veitingu undanþága skal leitast við að grípa til annarra aðgerða þannig að gætt sé að smitvörnum eins og kostur er.

Ráðherra getur óskað eftir umsögnum frá sóttvarnalækni um beiðnir um undanþágu.

9. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, tekur gildi eftir því sem mælt er fyrir um í 2. gr. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 962/2021, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

Heilbrigðisráðuneytinu, 14. september 2021.

Svandís Svavarsdóttir.

Ásta Valdimarsdóttir.